**363. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 21. janúar 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.**

**Mættir:**
Júníana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Umsóknir um leyfi til hundahalds:**
   a) **Birgitta Rún Baldursdóttir sækir um að fá að halda hundinn Ríó**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

   b) **Eygló Anna Þorkelsdóttir sækir um að fá að halda hundinn Mollý**
   Umsóknin samþykkt samhljóða.

2) **Bréf frá UMF Víkingi, ódags., varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst þann 7. mars n.k.**
   Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða, enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu í félagsheimilunum bæjarins.

3) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 30. desember 2025, varðandi tilkynningu um afturköllun á fyrirhugaðri niðurfellingu Brimilsvallavegar af vegaskrá.**
   Lagt fram til kynningar.

4) **Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 7. janúar 2026, varðandi skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga.**
   Lagt fram til kynningar.

5) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
   a) Bæjarstjóri sagði frá því að kerfið sem tekið var upp nú um áramótin um verklegar framkvæmdir er að koma vel út.
   b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2025.
   c) Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að senda skriflega fyrirspurn til HVE um stöðu auglýsingar varðandi yfirlækni við heilsugæslustöðvarnar í Ólafsvík og í Grundarfirði. Jafnframt fól bæjarráð bæjarstjóra að óska eftir fjarfundi með yfirmönnum HVE sem allra fyrst.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:38**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Björn H Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari